




# Verkefnastjórnun – leiðtogaþjálfun

Ígildi 30 ECTS háskólaeininga



Í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf

Skólaárið 2011- 2012


# Efnisyfirlit

<b>VERKEFNASTJÓRNUN — LEIÐTOGAÞJÁLFUN</b> .....	<b>3</b>
<b>LEIÐTOGAFÆRNI (FYRRA MISSERI)</b> .....	<b>4</b>
<b>STEFNUMÓTUNARFÆRNI (FYRRA MISSERI)</b> .....	<b>6</b>
<b>SKIPULAGSFÆRNI (SEINNA MISSERI)</b> .....	<b>8</b>
<b>SAMSKIPTAFÆRNI (SEINNA MISSERI)</b> .....	<b>10</b>

## Verkefnastjórnun — leiðtogapjálfun

- Nútíma samfélag og viðskiptaumhverfi kalla eftir fólki sem hefur færni til að taka þátt í og stjórna margvíslegum verkefnum. **Verkefnastjórnun – leiðtogapjálfun** er fjölbreytt nám sem ætlað er þeim sem vilja öðlast þekkingu og þjálfun á sviði verkefnastjórnunar og vilja efla leiðtogahæfileika sína. Námið gagnast stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka og í daglegu lífi.
- Námið byggir á að efla fjóra megin færniþætti nemenda: *Stefnumótunarfærni*, *leiðtogafærni*, *skipulagsfærni* og *samskiptafærni*. Námið spannar tvö misseri; unnið er með færniþættina yfir allan námstímann og áhersla er á að kenna nemendum hagnýtar aðferðir og þjálfna þá í notkun þeirra. Mikill hluti námsreynslunnar á sér stað í kennslustofunni í fjölbreyttri vinnu og skemmtilegu samstarfi. Hvert námskeið er 36 klst./52 kennslustundir auk heimanáms og hópavinnu.

Verkefnastjórnun - leiðtogapjálfun



- Kennslufyrirkomulag er þannig að nemendur koma til vinnu í Háskólanum á Akureyri- Sólborg í tvær kennsluvikur á hvoru misseri. Kennsluvikurnar eru með nokkurra vikna millibili og á þeim tíma er nemendum ætlað að vinna að verkefnum.
- Námið er ætlað áhugasömu og dugmiklu fólki sem hefur vilja til að efla færni sína í starfi og leik. Í því kynnast þátttakendur nýjum hugmyndum og áhugaverðu fólki.
- Námið er byggt þannig upp að það má meta það sem ígildi 30 ECTS háskólaeininga.
- Námið kostar 450.000 kr. ef sótt er um fyrir 15. júní 2011 en 500.000 kr. ef sótt er um eftir 15. júní 2011. Semja má um greiðsludreifingu. Vinsamlega athugið að ekki er hægt að fá námskeiðsgjald fellt niður þótt nemandi hætti í náminu.
- Náminu lýkur með því að nemendur undirgangast alþjóðlega D-vottun í verkefnastjórnun og fá að henni lokinni alþjóðlegan titil: “Certified Project Management Associate.”
- *Verkefnastjórnun – leiðtogapjálfun* er þróað af Nordica ráðgjöf ehf. en að því standa þeir Dr. Haukur Ingi Jónasson, Dr. Helgi Þór Ingason og Tryggvi Sigurbjarnarson ráðgjafarverkfræðingur.

## Leiðtogafærni (fyrra misseri)

Ígildi 7,5 ECTS eininga – 36 klukkustundir / 52 kennslustundir

### Kennari

- Dr. Haukur Ingi Jónasson, cand. theol., S.T.M., C.P.E., sálgreinir, lektor, Netfang: [hij@hi.is](mailto:hij@hi.is).
- Viðtalstímar í lok kennslustunda eða samkvæmt samkomulagi.

### Námsmarkmið

Við lok námskeiðins á nemandinn að geta:

- Útskýrt eðli leiðtogahlutverksins, ólíkar hugmyndir og geta beitt þeim til farsældar í einkalífi og starfi.
- Geta tekist á við mannlegan þátt stjórnunar og nýta sér þannig betur þá reynslu sem þeir hafa aflað sér á öðrum vettvangi.
- Geta útskýrt tengsl leiðtogafærni stefnumótunarfærni og verkefnastjórnun.
- Útskýrt hvað það er sem leiðtoga í athafna- og menningarlífi framtíðarinnar þarfnast.
- Unnið að persónulegum þroska sínum gagnreyndum aðferðum.
- Tekið ákvarðanir á grundvelli grundvallandi siðferðisjónarmiða.
- Geta útskýrt vægi viðhorfa, væntinga og persónuleika í stjórnunarlegu samhengi.
- Kunna að takast á við streitu og álag.
- Geta beitt gagnrýninni hugsun, siðferðilegri og skapandi hugsun.
- Útskýrt hagnýti sálarafllfræðikenninga fyrir leiðtoga framtíðarinnar.

### Kennslubók

- Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, Leiðtogafærni. JPV 2011.

### Kennslufyrirkomulag

- Í fyrirlestrum verður námsmarkmiðum hvernar lotu lýst, farið í grunnhugtök og grunnkenningar og efni auðgað og heimfært í fyrirlesturum, og með dæmum, æfingum, sögum og öðru sem skerpir skilning nemenda á námsefni.
- Lögð er rík áhersla á að nemendur komi **lesnir í tíma!**
- Kennari mun ekki endilega fara yfir lesefni heldur bæta það upp með eigin aðferð.
- Tekist er á við verkefni sem gagnast til að dýpka skilning nemenda á eðli leiðtogafræða.
- Áhersla er lögð á að skoða hvernig leiðtoginn sjálfur er breyta í þeirri jöfnu sem skipulagsheildir, fyrirtæki, stofnanir og samfélagseiningar mynda.

## Námsmat

- **Persónuleg stefnumótun 25%:** Hver nemandi gerir sína eigin persónulegu stefnumótun.
- **Hópverkefni 25%:** Nemendahópar skili verkefni þar sem þeir rýna siðfræðilegt álitamál og taka rökstudda afstöðu til þess.
- **Persónuleg dagbók 25%:** Hver nemandi skrifar daglega í persónulega dagbók sem skilað er í síðustu lotu námskeiðsins.
- **Ástundun og mæting 25%:** Lögð er rík áhersla á að nemendur mæti í tíma og séu vel með á nótunum. Enda verða tímarnir áhugaverðir! Mæti nemandi ekki í tíma kvarnast úr einkunn hans í hlutfalli. Til að standast áfangan þarf **80%** mætingu. Við námsmat er tekið mið af þátttöku nemenda í sameiginlegum verkefnum og nemandi sem ekki sinnir samstarfi við aðra nemendur mun ekki ljúka námskeiðinu.

## Vinnuálag

- Námskeiðið er ígildi 7,5 ECTS eininga námskeið í grunnnámi í háskóla.
- Vinnuálag námskeiðsins er um 120 tímar.

## Kennsluáætlun:

**Lota 1 – Inngangur að leiðtogafærni og aðferðafræði námskeiðs**

**Lota 2 - Persónuleg stefnumótun**

**Lota 3 - Uppbyggjandi sjálfsrýni**

**Lota 4 - Varnarhættir sjálfsins**

**Lota 5 - Gagnrýnin hugsun**

**Lota 6 - Skapandi hugsun**

**Lota 7 - Siðfræði**

**Lota 8 - Sjálfstæði**

**Lota 9 - Samantekt**

## Stefnumótunarfærni (fyrra misseri)

Ígildi 7,5 ECTS eininga – 36 klukkustundir / 52 kennslustundir

### Kennarar

- Dr. Helgi Þór Ingason vélaverkfræðingur og dósent (heling@simnet.is).
- Björg Ágústsdóttir MPM.

### Námsmarkmið

Að loknu námskeiðinu á nemandinn að geta:

- Beitt hagnýtri aðferð við stefnumótun skipuheilda.
- Gert stöðumatsgreiningar á skipulagsheildum.
- Skilja tengsl stefnumótunar, innleiðingar og verkefnastjórnunar.

### Kennslubækur

- Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson. Stefnumótunarfærni. JPV 2011.
- *Ítarefni skv. ákvörðun kennara*

### Kennslufyrirkomulag

- Námskeiðinu er skipt í kennslulotur sem samanstanda af fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu. Mikilvægt er að nemendur mæti vel undirbúnir í tíma því gert er ráð fyrir virkri þátttöku í hópstarfi og umræðum.
- Nemandinn fær jafnframt tækifæri til að þjálfa sig í framsögn, kynningum, hópavinnu og fundatækni.
- Nemendum er skipt upp í vinnuhópa strax á fyrsta degi og unnið er með raunhæft verkefni þar sem unnin er stefnumótun fyrir skipuheild sem einhver í hópnum hefur aðgang að. Hver nemandi skal því koma með hugmynd að skipuheild sem þarfnast stefnumótunar í fyrsta tíma.
- Í seinustu lotu kynni hver hópur afrakstur starfsins og leggur fram skýrslu.

### Námsmat

- Gerð er krafa um **80% mætingu** í námskeiðið. Mætingalistar ganga um bekkinn í hverjum tíma og nemendur skrifa nafn sitt til staðfestingar á mætingu. Nemendur sem af einhverjum ástæðum ná ekki að uppfylla kröfu um 80% mætingu fá ekki einkunn í námskeiðinu.
- **Hópverkefni (65%)**. Eins og fram er komið er nemendum ætlað að vinna í hópum að stefnumótun skipuheildar að eigin vali. Afurðir þessarar vinnu vega þungt í námsmati, þ.e. annarsvegar **skýrsla (55%)** og hinsvegar **kynning (10%)**. Kennari gerir nánari grein fyrir inntaki og framsetningu skýrslunnar í upphafi náms.
- **Einstaklingsbundið próf (35%)**. Í lok námskeiðsins er lagt fyrir 2 klst. próf.

## Vinnuálag

- Námskeiðið er ígildi 7,5 ECTS eininga samkvæmt viðmiðum um námskeið í grunnnámi háskóla.
- Námskeiðið er 36 klukkustundir í kennslustofu.
- Vinnuálag námskeiðsins er um 120 tímar..

## Kennsluáætlun

**Lota 1 - Inngangur og kynning**

**Lota 2 - Ferli stefnumótunar. Tímastjórnun, funda- og hópvinnutækni**

**Lota 3 -Ýmis praktísk atriði. Ytri greining**

**Lota 4 - Greiningar dregnar saman**

**Lota 5 - Gildi, hlutverk og framtíðarsýn. Hópavinna**

**Lota 6 - Áætlun til sóknar og framkvæmd hennar**

**Lota 7 - Próf og verkefnavinna**

**Lota 8 - Hagnýt færni: framsögn og framsetning kynninga. Hópavinna**

**Lota 9 - Kynning verkefna**

## Skipulagsfærni (seinna misseri)

Ígildi 7,5 ECTS eininga – 36 klukkustundir / 52 kennslustundir

### Kennarar

- Dr. Helgi Þór Ingason dósent (heling@simnet.is).
- Einnig kemur að kennslu einstaklingur sem lokið hefur MPM gráðu við Háskóla Íslands.

### Námsmarkmið

- Námskeiðið snýst um grundvallaratriði í verkefnastjórnun.
- Markmiðið er að auka skipulagsfærni nemenda með því að kenna þeim aðferð við að undirbúa verkefni með markvissri áætlanagerð.
- Nemendur beita þekkingu sinni á raunhæft dæmi í krefjandi hópstarfi og öðlast því reynslu samhliða náminu.
- Um leið öðlast þeir reynslu í framkvæmd verkefna - því líta má á áætlanagerðina sem sérstakt verkefni.
- Í námskeiðinu munu nemendur m.a. lesa hugtakagrunn í verkefnastjórnun og undirgangast alþjóðlega vottun (IPMA stig D) sem verkefnastjórar.

### Námsefni

- Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson. Skipulagsfærni. JPV 2011.
- Hugtakalykill IPMA, Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga, ICB 3.0.
- Nemendur nálgast á netinu eftirfarandi heimild:  
Hugtakalykill Verkefnastjórnunarfélags Íslands, aðgengilegur á vefslóðinni [www.vsf.is](http://www.vsf.is)
- *Frekara ítarefni skv. ákvörðun kennara.*

### Kennslufyrirkomulag

- Afar mikilvægt er að nemendur mæti vel undirbúnir í tíma því þeir hafa mest gagn af þeim umræðum sem fram fara í kennslustofunni ef þeir hafa aflað sér vitneskju fyrirfram um viðfangsefnin.
- Kennsla fer fram í hefðbundinni kennslustofu en fyrirkomulagið er að jafnaði þannig að blandað er saman fyrirlestrum og vinnu í hópstarfi með efni fyrirlestranna. Kennarar raða nemendum í hópa. Einnig eru nokkrir tímar sem kalla á að nemendur mæti með fartölvur og vinni þar með hugbúnað til áætlanagerðar undir leiðsögn sérfræðinga. Annars er vísað á kennsluáætlun sem útskýrir þetta fyrirkomulag.
- Rétt er að fram komi að gert er ráð fyrir að verkefnahóparnir taki fyrir verkefni úr skipuheild (fyrirtæki, stofnun, félagsskap eða deildir þar innan) sem einhver í hópnum hefur aðgang að. Hver nemandi skal því koma með hugmynd að verkefni í fyrsta tíma.

## Námsmat

- Gerð er krafa um **80% mætingu** í námskeiðið. Mætingalistar ganga um bekkinn í hverjum tíma sitt til staðfestingar á mætingu. Nemendur sem ekki uppfylla kröfur um mætingu og geta ekki útskýrt fjarveru sína fá ekki einkunn í námskeiðinu. Námsmat er annars sem hér segir:
- **Próf (25%)**. Til grundvallar er lögð frammistaða nemenda í prófi til alþjóðlegrar D vottunar sem Verkefnastjórnunarfélag Íslands heldur fyrir hönd IPMA (Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga).
- **Hópverkefni – verkefnisáætlun (60%)**. Áætluninni er skilað sem heildstæðri skýrslu en nánari grein verður gerð fyrir viðmiðum síðar en gefið er fyrir framsetningu í ræðu og riti.
- **Skilamat (15%)** – felst í að skýra frá reynslu sem varð til í hópnum við gerð verkefnisáætlunar, og draga ályktanir af þeirri reynslu. Skilamatinu er skilað sem sjálfstæðum viðauka verkefnisáætlunar.

## Vinnuálag

- Námskeiðið er ígildi 7,5 ECTS eininga námskeið í grunnnámi í háskóla.
- Vinnuálag námskeiðsins er um 120 tímar.

## Kennsluáætlun:

**Lota 1 - Grundvallarhugtök í verkefnastjórnun og helstu viðmið**

**Lota 2 - Verkefnisræs**

**Lota 3 - Umhverfisgreining**

**Lota 4 - Sundurliðun, rásir, hlutverk og skipulag**

**Lota 5 - Upplýsingatækni í verkefnum**

**Lota 6 - Fjármál verkefna**

**Lota 7 - Excel og kostnaðaráætlanir**

**Lota 8 – Ræs og lúkning**

**Lota 9 - Kynning (próf) á verkefnum**

Kennarar munu funda stuttlega með hverjum hópi, greina frá fyrsta mati varðandi verkefnið og kalla eftir og hlýða á frekari skýringar hópsins. Tímasetning og fyrirkomulag þessa fundar verður tilkynnt síðar. Á sama fundi eiga hóparnir að skila skilamati við verkefnisáætlun sína, sem sérstöku skjali; viðauka við áætlunina.

## Próf til D-vottunar

Próf til D-vottunar á vegum Verkefnastjórnunarfélags Íslands (VSF) verður haldið skv. seinni tíma ákvörðun. Með fyrirvara um endanlegt samþykki VSF á tímasetningu.

## Samskiptafærni (seinna misseri)

Ígildi 7,5 ECTS eininga – 36 klukkustundir / 56 kennslustundir

### Kennari

- Dr. Haukur Ingi Jónasson, cand. theol., S.T.M., C.P.E., sálgreinir, lektor, Netfang: [hij@hi.is](mailto:hij@hi.is).
- Viðtalstímar í lok kennslustunda eða samkvæmt samkomulagi.

### Námsmarkmið

Við lok námskeiðsins á nemandinn að geta:

- Útskýrt eðli hópa, teyma og tengsla.
- Geta skilgreint hugtakið samskipti og ólíkar hugmyndir um samskipta og mikilvægi þeirra.
- Geta beitt samskiptafræða til farsældar í einkalífi og starfi.
- Skilið grunnþætti samningafræða og deilustjórnunar.
- Geta beitt sér með uppbyggjandi hætti í samskiptum við aðra.
- Geta skipulagt vinnu hópa, teyma og skipuheilda á grundvelli þekkingar um allfræði hópa.

### Námsefni

- Haukur Ingi Jónasson og Helga Þór Ingason. Samskiptafærni. JPV 2011.

### Kennslufyrirkomulag

- Í fyrirlesturum verður námsmarkmiðum hverrar lotu lýst, farið í grunnhugtök og grunnkenningar og efnið auðgað og heimfært í fyrirlesturum, dæmum, æfingum, sögum og öðru sem skerpir skilning nemenda á námsefni.
- Lögð er rík áhersla á að nemendur komi **lesnir í tíma!**
- Kennari mun ekki endilega fara yfir lesefni heldur bæta það upp með eigin aðferð.
- Tekist er á við verkefni sem gagnast til að dýpka skilning nemenda á eðli samskiptafræða.
- Áhersla er lögð á að skoða hvernig nemandinn sjálfur er breyta í þeirri jöfnu sem hópar og skipulagsheildir — fyrirtæki, stofnanir og samfélagseiningar — mynda.

### Námsmat

- **Innbyrðis mat þátttakenda 25%:** Hver nemandi nýtir sér þá þekkingu sem hann hefur öðlast í námskeiðinu og leggur mat á aðra þátttakendur í verkefni sem unnið var í skipulagsfærni. Hann gefi hverjum samnemandi sínum tölulega einkunn á skalanum frá 0-10 og rökstyðir einkunnagjöfina með uppbyggjandi hætti á einni blaðsíðu.

- **Einstaklingsverkefni 25%:** Hver nemendi ritgerð þar sem hann lýsir samningaviðræðum eða deilu sem hann hefur komið að og rýnir hana í ljósi námsefnis. Hvað gerðir þú þá? Hvernig myndir þú gera öðruvísi nú?
- **Sjálfsmat 25%:** Hver nemandi skrifar sjálfsmat m.t.t. samskiptafærni sem skilað er í síðasta tíma námskeiðsins. Nemandinn gefi sér tölulega einkunn og rökstyði hana á þremur blaðsíðum.
- **Ástundun og mæting 25%:** Lögð er rík áhersla á að nemendur mæti í tíma og séu vel með á nótunum. Enda verða tímarnir áhugaverðir! Mæti nemandi ekki í tíma hvarnast úr einkunn hans í hlutfalli. Athugið, til að standast áfangann þarf nemandi að mæta að **minnsta kosti 80%** nema ef um annað er samið við kennara vegna sérstakra aðstæðna. Athugið að tekið er mið af þátttöku nemenda í sameiginlegum verkefnum við námsmat og nemandi sem ekki sýnir samstarfi við aðra nemendur áhuga mun ekki ljúka náminu.

### Vinnuálag

- Námskeiðið er ígildi 7,5 ECTS eininga námskeið í grunnnámi í háskóla.
- Vinnuálag námskeiðsins er um 120 tímar.

### Námslýsing / yfirferð námsefnis:

**Lota 1 - Inngangur að samskiptafærni – Aðferðafræði námskeiðs**

**Lota 2 - Árangursrík samskipti**

**Lota 3 - Virk hlustun**

**Lota 4 - Ákveðni og staðfesta**

**Lota 5 - Samningatækni**

**Lota 6 - Deilustjórnun**

**Lota 7 - Aflfræði hópa**

**Lota 8 - Hópefli og efling liðsanda**

**Lota 9 - Samantekt**

**Unnið er að því að fá námið gæðavottað af verkefnastjórnunarsamtökum IPMA (International Project Management Association).**

## Um mat á þátttöku í tímum:<sup>1</sup>

Námskeið eru aldrei eins. Hvert námskeið er mótað af nemendum sem í því eru og hversu mikið þeir gefa af sér í tímum. Markmið okkar í þessum námskeiðum er að meta ykkur á eins faglegan máta og framast er unnt og er því notast við "Behavioral Anchor Rating Scale" eða svokallað BARS form sem við höfum aðlagð að kennslu í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun. Framlag þitt til kennslustunda er mikilvægt og með framlagi er átt við hvort þú sért viljug(ur) til að svara spurningum, þorir að láta vaða (þrátt fyrir ótta við að gera mistök), komir undirbúin(n) í tíma og komir á réttum tíma í kennslustundir.

Ef þú ert að velta fyrir þér hvernig þú getir bætt þátttöku þína í tímum getur þú spurt þig eftirfarandi spurninga:

1. Hlusta ég vel í tímum?
2. Legg ég eitthvað til málanna í kennslustundum?
3. Koma athugasemdir mínar málinu við - þ.e.a.s. eru þær tengdar því sem verið er að ræða í tíma?
4. Dýpka innlegg mín skilning annarra á námsefninu?
5. Sýna athugasemdir mínar að ég hef velt málinu fyrir mér?
6. Kem ég undirbúin(n) í tíma þannig að ég get svarað verkefnum það hratt að enginn þurfi að bíða eftir því að ég leysi þau á staðnum?
7. Er ég tilbúin(n) til að taka áhættu?
8. Er ég tilbúin(n) til að vinna í hópi?
9. Reyni ég að æfa mig í hverjum einasta tíma?

## BARS skalinn - aðlagður að kennslu í verkefnastjórnunar- leiðtogafræðinámi

### Frábær frammistaða (26-30)

- Kemur á réttum tíma í kennslustundir.
- Reynir að taka eins mikinn þátt í hópvinnu og hann/hún getur.
- Kemur sér strax í hópavinnu.
- Skilar inn verkefnum.
- Sýnir vilja til að taka áhættu.
- Hefur netið lokað í kennslustund nema beðið sé um annað.
- Hefur tölvupóst og msn ávallt lokað í kennslustund.
- Deilir námsreynslu sinni með öðrum.
- Er á sömu blaðsíðu og aðrir í tíma og þarfnast ekki hjálpar við að vita hvar við erum stödd.
- Sýnir framúrskarandi þátttöku sem smitar námsgleði og jákvæðni.
- Útskýrir atriði sem aðrir hafa ekki skilið fyllilega.
- Er forvitin(n).
- Hefur slökkt á símanum.

### Mjög góð frammistaða (21-25)

- Kemur oftast á réttum tíma í kennslustundir og hefur gert verkefni.
- Reynir oftast að taka þátt.

<sup>1</sup> Staðfært úr efni frá Dr. Margréti Jónsdóttur, spænskukennara við Háskólann í Reyjavík.

- Kemur sér strax í hópavinnu en hefur tilhneigingu til að flökta frá hópnum.
- Skilar oft inn verkefnum.
- Sýnir stundum vilja til að taka áhættu.
- Hefur netið lokað í kennslustund nema beðið sé um annað.
- Hefur tölvupóst og msn ávallt lokað í kennslustund.
- Deilir námsreynslu sinni með öðrum.
- Er á sömu blaðsíðu og aðrir í tíma og þarfnast ekki hjálpar við að vita hvar við erum stödd.
- Smitar námsgleði og jákvæðni.
- Útskýrir atriði sem aðrir hafa ekki skilið fyllilega.
- Er forvitin(n).
- Hefur slökkt á símanum.

### **Góð - miðlungs frammistaða (16-20)**

- Stuðlar stundum að því að hópnum miðar áfram í tileinkun sinni.
- Kemur oftast réttum tíma í kennslustundir og hefur oftast gert verkefni
- Reynir stundum að tala þegar kennari fer fram á það.
- Kemur sér í hópavinnu en er lengi að koma sér að því að taka þátt.
- Skilar oft inn rituðum verkefnum en ekki reglulega.
- Sýnir sjaldan vilja til að taka áhættu.
- Hefur netið lokað í kennslustund nema beðið sé um annað.
- Hefur tölvupóst og msn ávallt lokað í kennslustund.
- Deilir ekki námsreynslu sinni með öðrum.
- Hefur símann á "silent".
- Er oftast á sömu blaðsíðu og aðrir í tíma en þarfnast stundum hjálpar við að vita hvar við erum stödd.
- Er oft að gera verkefni um leið og farið er yfir þau í tíma.
- Tekur þátt í samræðum þegar þess er óskað.
- Kemur með gott innlegg í umræður.

### **Frammistaða sem mætti vera betri (0-15)**

- Kemur í veg fyrir að hópurinn komist áfram í tileinkun á efni.
- Tekur stundum þátt.
- Mætir seint, sjaldan og illa.
- Spyr hvar við vorum.
- Dreifir athygli frá náminu.
- Fylgist ekki með og kemur ekki undirbúinn.
- Tekur ekki virkan þátt í hópavinnu.
- Er á msn og í tölvupósti í tíma, sendir jafnvel sms.

-----

Símenntun Háskólans á Akureyri og Nordica ráðgjöf ehf. vilja kappkosta að viðhalda háum gæðum á námskeiðum sínum. Því munum við biðja þig þátttakandi góður vinsamlegast um að fylla út kennslukönnun við lok námskeiða. Eins viljum við benda þér á að koma til okkar öllum góðum ábendingum!

## Kennslutilhögun

Fyrsta vikan:

- 17. október (Stefnumótun 1/9 og 2/9)
- 18. október (Stefnumótun 3/9 og 4/9)
- 19. október (Stefnumótun 5/9 og Leiðtogafærni 1/9)
- 20. október (Leiðtogafærni 2/9 og 3/9)
- 21. október (Leiðtogafærni 4/9 og 5/9)

Önnur vikan:

- 21. nóvember (Stefnumótun 6/9 og 7/9)
- 22. nóvember (Stefnumótun 8/9 og 9/9)
- 23. nóvember (Leiðtogafærni 6/9 og 7/9)
- 24. nóvember (Leiðtogafærni 8/9 og 9/9)

Þriðja vikan:

- 20. febrúar (Samskiptafærni 1/9 og 2/9)
- 21. febrúar (Samskiptafærni 3/9 og 4/9)
- 22. febrúar (Samskiptafærni 5/9 og Skipulagsfærni 1/9)
- 23. febrúar (Skipulagsfærni 2/9 og 3/9)
- 24. febrúar (Skipulagsfærni 4/9 og 5/9)

Fjórða vikan:

- 19. mars (Samskiptafærni 6/9 og 7/9)
- 20. mars (Samskiptafærni 8/9 og 9/9)
- 21. mars (Skipulagsfærni 6/9 og 7/9)
- 22. mars (Skipulagsfærni 8/9 og 9/9)

**Birt með fyrirvara um ófyrirséðar breytingar**

*Með góðri samstarfskveðju! Haukur, Helgi og Símenntun*